

# Lög

## um breytingu á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum (skilyrði til greiðslu örorkulífeyris og fjárfestingarheimildir).

---

### 1. gr.

Á eftir 5. mgr. 15. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Heimilt er, að fengnu álitni trúnaðarlæknis lífeyrissjóðs, að setja það skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris að sjóðfélagi fari í endurhæfingu sem bætt gæti heilsufar hans enda sé þess gætt að slík endurhæfing standi honum til boða og aðstæður viðkomandi leyfi að hann nýti sér hana.

### 2. gr.

Við 36. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Nú greiðir launagreiðandi inn á skuldbindingu sína við lífeyrissjóð, sem nýtur bakábyrgðar ríkis eða sveitarfélags, með því að gefa út skuldabréf sem ekki eru skráð á skipulegum markaði og skal sjóðnum þá heimilt að eiga slík skuldabréf óháð takmörkunum þessarar greinar.

### 3. gr.

Í stað ártalsins „2013“ í 2. másl. ákvæðis til bráðabirgða VII í lögnum kemur: 2014.

### 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

---

*Samþykkt á Alþingi 19. desember 2013.*